

# 330. fundur Skólanefndar FS

## 21. janúar 2015



**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Kristín María Birgisdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ásta María Jónasdóttir og María Líndal og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Vorönn 2015.
2. Upphaf annar.
3. Staðan.
4. Önnur mál.

### 1. Vorönn 2015.

Skólameistari sagði frá því helsta varðandi vorönnina. Nemendur í dagskóla eru 863 og hafa ekki verið færri í þó nokkur ár. Auk þess stunda 59 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum og fjórtán eru í fjarnámi. Piltar eru 53% og stúlkur 47% nemenda en þó útskrifast að jafni fleiri stúlkur. Útlit er fyrir að nemendum haldi áfram að fækka en næstu árgangar eru fámennari en þeir sem hafa verið í skólanum undanfarin ár. Einnig er ætlunin að stytta nám til stúdentsprófs og því fækkar nemendum. Helsta verkefni annarinnar er að klára vinnu við nýja námskrá en hún gengur vel.

### 2. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar. Ingibjörg Böðvarsdóttir er komin úr leyfi en Guðmundur Rúnar Lúðvíksson hættir. Helgi Rafn Guðmundsson kennir ekki á afreksíþróttabraut á þessari önn en ekki náðist í hóp í bardagaíþróttum. Stjórnendur funduðu með stjórnendum grunnskóla á svæðinu en þar var farið yfir árangur nemenda á haustönninni eftir grunnskólum. Einnig var rætt um kynningu á skólanum í grunnskólum. Verið er að fara af stað með vinaverkefni til að styðja nemendur sem eru félagslega einangraðir en styrkur fékkst til þessa verkefnis frá velferðarráðuneyti. Skólameistari sagði einnig frá endurnýjun á búnaði og tækjum og nýrri heimasíðu skólans. Gettu betur-lið skólans er komið í 8 liða úrslit keppinnar og mætir þar FG á RÚV þann 4. febrúar. Ásta María sagði frá starfsemi nemendafélagsins en framundan er söngkeppni félagsins, Hljóðneminn. Söngleikur verður frumsýndur 15. apríl og sama dag er árshátíð.

### 3. Staðan.


Skólameistari sagði frá stöðu mála í rekstri skólans en framlög í fjárlögum ársins 2015 voru ofreiknuð og lækka um 13,8 milljónir. Því þarf að endurskoða rekstraráætlun fyrir þetta ár.

#### 4. Önnur mál.


a) Guðbjörg ræddi um húsnæðismál skólans og hugmynd um að stækka salinn og auka þannig sameiginlegt rými fyrir nemendur. Áður hefur verið rætt í skólanefnd að stefna að þeirri framkvæmd í tilefni af 40 ára afmæli skólans árið 2016. Kostnaðaráætlun sem var gerð fyrir nokkrum árum gerði ráð fyrir að kostnaður yrði 60-70 milljónir. Ákveðið að láta uppfæra kostnaðaráætlunina og senda síðan erindi til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Málið verður rætt nánar á næsta fundi skólanefndar en þá liggi uppfærð kostnaðaráætlun fyrir.

b) Rætt um að nemendur hafi aðgang að skápum á göngum án þess að skráð sé hvaða nemandi er með hvaða skáp. Skólameistari sagði frá því að ekki hefur verið farið út í að skrá skápa á nemendur en þeir geta keypt lás og hengt á lausan skáp.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður




Böðvar Jónsson



Kristín María Birgisdóttir



Pétur Brynjarsson



Gunnar Valdimarsson



María Línal



Ásta María Jónasdóttir



Kristján Ásmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari